

6. fundur Starfshóps um samráð og stefnumótun aldraðra, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 1. mars 2017 og hófst hann kl. 16:00

Fundinn sátu:

Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir aðalmaður, Jóhannes Finnur Halldórsson aðalmaður, Júlíus Már Þórarinsson aðalmaður og Laufey Jónsdóttir starfsmaður bæjarskrifstofu.

Fundargerð ritaði: Laufey Jónsdóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. **1611136 - Starfshópur um samráð og stefnumótun aldraðra - húsnæðismál**
Almenn umræða um húsnæðismál FEBAN og félagsstarfsins.

Rætt var um húsnæðismál og hvaða möguleika væru í stöðunni fyrir FEBAN og félagsstarfið.

2. **1611136 - Starfshópur um samráð og stefnumótun aldraðra - rekstrarfyrirkomulag**

Umræða var um rekstrarfyrirkomulag á almennu félagsstarfi sem nú er í höndum FEBAN og bæjarfélagsins. Ákveðið var að skoða tvær þjónustumiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu þar sem rekstrarfyrirkomulagið er með ólíkum hætti.

3. **1701200 - Tómstundaráðgjöf fyrir 60 ára tilraunaverkefni**

Samstarf hefur verið milli skóla- og frístundasviðs og velferðar- og mannréttindasviðs í samvinnu við íþróttafulltrúa ÍA um að móta tilraunaverkefnið "Tómstundaráðgjöf fyrir aldurshópinn 60 ára og eldri sem eru ekki lengur á vinnumarkaði". Aðrir samstarfsaðilar verða FEBAN, félag eldri borgara á Akranesi og nágrenni. Sviðsstjórar skóla- og frístundasviðs og velferðar- og mannréttindasviðs ásamt Heiðrúnu Janusardóttur verkefnisstjóri æskulýðs- og forvarnarmála, Laufeyju Jónsdóttur verkefnisstjóra heimajónustu og íþróttafulltrúi ÍA munu leiða verkefnið og þróa en samstarfsaðili verður FEBAN, félag eldri borgara á Akranesi og nágrenni.

Tilraunaverkefnið verður kynnt á aðalfundi FEBAN sem haldinn verður í mars 2017.

4. **1605152 - FEBAN - ferð til Tönder**

Í september 2016 heimsóttu fulltrúar Félags eldri borgara á Akranesi og nágrenni (FEBAN), Akraneskaupstaðar, Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og úr stjórn Höfða, Tönder í Danmörku til að kynna sér hvernig þjónustu og samstarf við eldri borgara er háttað þar. Fulltrúar í starfshóp um samráð og stefnumótun aldraðra þau Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður starfshópsins, Jóhannes Finnur Halldórsson aðalmaður og Júlíus Már Þórarinsson voru fulltrúar Akraneskaupstaðar og FEBAN í þessari ferð.

Heimsóknin var liður í stefnumótunarvinnu í málefnum aldraðra á Akranesi.

VG

Kynningarfundur um ferðina verður haldinn í Tónbergi 9. mars nk. kl. 16:00-18:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.

Vilberg P. Guðbjartsd
Jelamir Tims Halldórsson
Julius Elías Þórisson
Steinur Þorsteinsson
Kauky Þorsteinsson